

# 1. Ólíkar birtingarmyndir máhljóða

Í 1. kafla eru nokkur hugtök kynnt til sögunnar og athygli nemenda vakin á því að stafsetningin endurspeglar ekki alltaf framburð.

## Verkefni með kafla 1

1. a. Stafsetjið eftirfarandi orð eins og þið berið þau fram.

KVEFAÐUR	AFL
AFI	OFSI
KAFNA	LIFÐU

**Svar:** kvefaður = kvevaður; afl = abl; ofsi = ofsi; kafna = kabna; lifðu = livðu

b. Í þessum orðum táknar bókstafurinn  $f$  þrjú mismunandi hljóð. Hvaða hljóð táknar hann? Skipta nágrannahljóð einhverju máli?

**Svar:** Í dæmunum táknar  $f$  ýmist  $f$ ,  $v$  eða  $b$  og hafa nágrannahljóð áhrif á framburðinn. Á milli sérhljóða er  $f$  borið fram sem  $v$ , á undan  $l$  og  $n$  er það borið fram sem  $b$  og þegar  $f$  er á undan órödduðum hljóðum eins og  $s$  er það borið fram sem  $f$ .

2. Rifjið upp hvað hugtakið *fyllidreifing* merkir? Er þetta hugtak á einhvern hátt gegnsætt?

**Svar:** Talað er um að hljóðfræðilega skyld máhljóð séu í **fyllidreifingu** þegar þau eiga sér „frátekin pláss“ við hlið tiltekinna máhljóða og hin birtast aldrei í því hljóðaumhverfi. Sem dæmi má nefna /r/ en raddað  $r$  birtist alltaf milli sérhljóða í íslensku (þ.e. aldrei óraddað  $r$ ) en óraddað  $r$  kemur fram t.d. á undan órödduðum hljóðum í stafsetningu, sbr. á undan  $t$ .

Orðið **fyllidreifing** er gagnsætt að því leyti að segja má að lík máhljóð dreifi sér þannig að þau fylli upp í ákveðið pláss, við hlið ákveðinna hljóða. Þetta er allavega ein leið til að túlka orðin. Hægt er að athuga hvort nemendum detti einhver annar möguleiki í hug.

3. Hver er munurinn á *hljóðani* og *hljóðbrigði*?

**Svar:** Hljóðan er einstakt málhljóð sem greinir eitt orð frá öðru. Þegar dæmi eru tekin af orðum eins og *rós* og *dós* eru *r* og *d* hljóðön því að þau valda því að orðin merkja ekki það sama. Hljóðbrigði eru hins vegar ólíkar birtingarmyndir sama hljóðansins, þ.e. /n/ getur t.d. birst sem 6 ólík hljóð, allt eftir því við hliðina á hvaða hljóðum það stendur.

## 2. Hvernig eru málhljóð mynduð?

Þegar nánar er að gáð má sjá að málhljóð myndast á mismunandi hátt. Tungan gegnir þar mikilvægu hlutverki því að hljóð breytast eftir því hvar hún er stödd í munnum þegar hljóðið er borið fram. Fleira kemur til við myndun hljóða eins og til dæmis raddbönd.

### Verkefni með kafla 2

1. Nefnið öll talfæri sem koma að tali. Strikið undir þau talfæri sem eru hreyfanleg.

**Svar:** Helstu talfærin eru munnhol, nefhol, raddbönd, neðri kjálki, tunga, varir og gómfilla.

#### Ábending:

Hér er upplagt að benda nemendum á að styðja fingri við barkakýli þegar þeir segja rödduð og órödduð hljóð. Það kemur þeim sjálfsagt á óvart að finna titring við barkakýlið þegar þau rödduðu eru borin fram en ekkert þegar órödduð hljóð eru mynduð.

#### Ábending:

Það er fróðlegt fyrir nemendur að fara inn á youtube.com og slá inn *vocal cords*. Þar ættu þeir að geta séð hvernig raddböndin vinna við myndun raddaðra og óraddaðra hljóða.

#### Ábending:

Menn geta náð gríðarlegri leikni í að tala án þess að aðrir sjái talfærin hreyfast. Þetta má glöggst sjá ef nemendur slá inn nafnið Terry Fator á youtube.com en hann var eitt sinn sigurvegari í hæfileikakeppninni *America's got talent*. Hann getur talað og einnig sungið án þess að hægt sé að greina að talfærin komi við sögu.

2. Lýsið muninum á rödduðum og órödduðum hljóðum. Leggið aðaláhersluna á það að lýsa samspili raddbanda og lofts þegar rödduð og órödduð hljóð eru mynduð.

**Svar:** Þegar rödduð hljóð eru mynduð leggjast raddböndin saman þannig að loftið þarf að þrengja sér í gegnum þau til að komast út. Við það titra raddböndin og það myndast hljóð. Þegar órödduð hljóð eru mynduð eru raddböndin gleið þannig að loftið á greiða leið í gegnum þau og því sveiflast þau ekki. Þess vegna myndast ekkert hljóð.

### **Ábending:**

Hér má benda nemendum á líkinguna við gítarstrengi. Þegar þeir sveiflast myndast hljóð. Einnig er vert að benda nemendum á að því sverari sem strengirnir eru því dýpri er tónninn. Til að ná hæstu tónum úr fiðlu er grennsti strengurinn notaður. Þannig er það líka með mannsröddina. Karlmenn hafa meira pláss í barkakýlinu og eru því með lengri og sverari raddbönd en konur. Þess vegna eru þeir dimmraddaðri en þær. Barkakýlið er líka mun meira áberandi hjá karlmönnum einmitt vegna þessa.

3. Segið eftirfarandi orð upphátt og svarið því hvenær bókstafirnir *r* og *l* tákna rödduð hljóð og hvenær þau tákna órödduð hljóð.

### **Svar:**

HRAÐUR: raddað    KALT: óraddað    RJÓÐUR: raddað  
HEILI: raddað    SÁRT: óraddað    KRINGLA: raddað

4. Hvernig getur staðið á því að raddir karla geta hljómað misdjúpar?

**Svar:** Karlmenn geta haft misjafnlega gild eða löng raddbönd og getur það skýrt það hvers vegna raddir þeirra geta verið misdjúpar.

### **Ábending:**

Hér geta nemendur farið inn á youtube.com og leitað að ólíkum karlmannsröddum. Þeir geta leikið sér að því að skoða hvort þeim finnst einhver tengsl milli útlits þeirra og raddar.

5. Hvaða hlutverk hefur tungan við hljóðmyndun?

**Svar:** Tungan er eitt mikilvægasta talfæri mannsins. Án hennar gæti maðurinn ekki myndað ólík hljóð. Það fer eftir staðsetningu hennar hvernig hljóð við myndum. Hún er til dæmis mjög nálægt gómnum þegar við myndum *í* en langt frá honum þegar við segjum *a*. Vert er að benda nemendum á að ef menn missa tunguna geta þeir gefið frá sér hljóð því að þeir hafa raddbönd en þeir geta ekki myndað ólík máhljóð líkt og aðrir.

#### **Ábending:**

Hægt er að láta nemendur skoða ýmislegt í kringum tunguna sem slíka. Þeir geta aflað sér upplýsinga um hana sem líffæri, hægt er að athuga hvers vegna menn voru (og eru) tunguskornir í refsingarskyni, hægt er að skoða hvaða orð eru mynduð af orðinu tunga (bæði samsett og ósamsett), o.fl.

### **3. Samspil rittákna og framburðar**

Vert er að gefa gaum að því að framburður í mismunandi tungumála getur verið ólíkur þó að um sömu stafsetningartákn sé að ræða. Í ensku er t.d. *un-* borið fram á ólíkan hátt en í íslensku og frönsku og í frönsku er *au* borið fram sem *ó* eins og sjá má í orði eins og *au pair*, og svo mætti lengi telja.

#### **Verkefni með kafla 3**

1. Setjið ykkur í spor barns sem er nýfarið að læra að skrifa.

a) Hvernig gæti eftirfarandi texti verið stafsettur hjá barninu.

Bangsinn minn er rauður. Ég týndi honum í gær. Viltu hjálpa mér að finna hann.

**Svar:** Bánsin min er rauður. Jeg tíndi honum í gær. Viltu hjálpa mjer að fina han?

b) Rökstyðjið hvers vegna barnið stafsetur á þann hátt sem þið teljið.

**Svar:** Barnið hlustar eftir framburðinum og er ekki enn farið að lesa. Þannig hefur það ekki sjónminnið að miða við heldur stafsetur það eins og það heyrir. Benda má á að börn eru oft lengi að ná því að rita tvöfalda samhljóða.

2. Skoðið vel eftirfarandi málgrein.

*Phil gave me the lamp which was unbroken.*

a. Hvernig myndi Íslendingur sem ekkert hefði lært í ensku líklega bera þetta fram?

**Svar:** Ef hann hefði ekkert lært í enskum framburðarreglum væri allt eins líklegt að hann bæri orðin fram eftir stafanna hljóðan, þ.e. eins og þau eru skrifuð, t.d. bæri hann þá *me* ekki fram sem *mí* heldur sem *me*.

b. Á hvaða orð væri hægt að beita framburðarreglu? Hvað með önnur orð? Þarf að læra framburð þeirra utanbókar?

**Svar:** Í ensku er *ph* alltaf borið fram sem *f*, *gave* þyrfti líklega að læra utanbókar, *mp* væri borið fram með rödduðu *m*, *w* væri borið fram eins og kringt *v*, *was* í heild þyrfti líklega að læra utanbókar, *un-* sem forskeyti væri alltaf borið fram sem *ön*. Þannig má sjá að í sumum tilfellum er um framburðarreglu að læra sem gildir alltaf (eða oftast) og í öðrum tilvikum þarf að læra framburðinn utanbókar. Ef til vill geta nemendur fundið dæmi um það á youtube.com þar sem Íslendingur (eða einhver af öðru þjóðerni) talar ensku með erlendum hreim.

3. Hvað geta orðabækur gefið upplýsingar um? Nefnið að minnsta kosti þrjú atriði.

**Svar:** Orðabækur geta gefið upplýsingar um framburð, kyn orða og merkingu þeirra.

4. Reynið að muna eftir eins mörgum máhljóðum og þið getið í þeim erlendu tungumálum sem þið hafið lært sem ekki eru til í íslensku. Sýnið dæmi um orð með þessum máhljóðum.

**Svar:** Hér væri hægt að nefna ýmislegt og um að gera að láta nemendur spreyta sig á þessu verkefni. Þeir gætu t.d. nefnt enskt *w* og danskt *y*, úfmælt *r* o.fl.

## 4. Málhljóð íslenskunnar - Tveir aðalflokkar

Í íslensku er hljóðum skipt í tvo aðalflokka, sérhljóð og samhljóð. Hvert hljóð á sér sérstakan myndunarstað og myndunarhátt og til þess að lýsa hverju hljóði eru notuð þrenns konar hugtök til að aðgreina það frá öðrum hljóðum.

### Verkefni með kafla 4.1 og 4.2

1. Hver er aðalmunurinn á eðli sérhljóða og samhljóða. Gefa nöfnin á þessum hljóðaflokkum einhverjar vísbendingar?

**Svar:** Oft er sagt að sérhljóð segi nöfnin sín sjálf, þ.e. *a* heitir *a* og segir *a*. Eins og nafn sérhljóðanna gefur til kynna geta þau staðið ein og sér, án stuðnings annarra hljóða. Þau geta því myndað atkvæði án þess að önnur hljóð komi til, sbr. *í* og *á*. Samhljóð þurfa hins vegar að standa saman með öðrum hljóðum til að öðlast líf, þ.e. *b* eða *k* geta ekki staðið ein og myndað atkvæði eða orð eins og raunin er með sérhljóðin.

2. Fyrir hvaða sérhljóð passa eftirfarandi lýsingar. Reynið að finna viðeigandi sérhljóð með því að segja það og gæta um leið vel að því hvar tungan staðsetur sig í munnum fyrir hvert hljóð. Hljóðritið það sérhljóð sem á við hverju sinni. Þið getið svo athugað hvort þið hafið hitt naglann á höfuðið með því að fletta upp á töflunni í kafla 4.1.2.

**Dæmi:** miðlægt, frammælt, ókringt [i]

**Svar:**

fjarlægt, frammælt, kringt = [œ]

fjarlægt, uppmælt, ókringt = [a]

nálægt, uppmælt, kringt = [u]

nálægt, frammælt, ókringt = [i]

3. Lýsið undirstrikuðum sérhljóðum (einhljóð/tvíhljóð) með því að nota þrenns konar hugtök um hvert hljóð. Setjið hljóðritunartákn fyrir viðkomandi hljóð innan hornklofa. Ef um tvíhljóð er að ræða skuluð þið lýsa fyrri og seinni hluta þess.

**Dæmi:** baggalútur [ɣ] = miðlægt, frammælt, kringt

sykurmoli [ɔ] = fjarlægt, uppmælt, kringt

stuðmenn [ɛ] = fjarlægt, frammælt, ókringt

sálin [a] = fjarlægt, uppmælt, ókringt

[u] = nálægt, uppmælt, kringt

4. Finnið nokkur ólík orðapör með máhljóðunum /i/ og /e/ annars vegar og /u/ og /ö/ hins vegar sem hugsanlega hljóma eins í eyrum útlendinga, sbr. *ber-byr*, *hurð-hörð*.

**Svar:** *herða - hirða; kerra - kyrra; tunnum - tönnum; gult - gölt*

5. Hér fyrir neðan eru lýsingar á þremur samhljóðaflokkum. Skrifðu fyrir aftan þær hvaða flokk er átt við hverju sinni.

**Svar:**

Þrengt að leið loftsins út = önghljóð

Tungan sveiflast við tannberg = sveifluhljóð

Lokað er á leið loftsins út = lokhljóð

6. Raðið eftirfarandi samhljóðum í viðeigandi flokka.

**Dæmi:** [t] = lokhljóð

**Svar:**

[f] = önghljóð      [ð] = önghljóð

[l] = hliðarhljóð      [m] = nefhljóð

[p] = lokhljóð      [s] = önghljóð

### Verkefni með kafla 4.2.1

1. Lokhljóð geta haft fjóra myndunarstaði. Hverjir eru þeir?

**Svar:** Þau geta verið varamælt, tannbergsmælt, framgómmeilt og uppgómmeilt.

2. a. Lýsið eftirfarandi hljóðum með því að nota þrenns konar hugtök, þ.e. myndunarstað, fráblástur og myndunarhátt. Styðjist við töfluna í upphafi kaflans ef þið þurfið.

b. Finnið orð þar sem viðkomandi hljóð kemur fyrir í og strikið undir hljóðið í orðinu.

**Dæmi:** [k<sup>h</sup>] = Lýsing: uppgómmælt, fráblásið, lokhljóð orð: kassi

**Svar:**

[t<sup>h</sup>] = tannbergsmælt, fráblásið lokhljóð orð: tönn

[c] = framgómmælt, ófráblásið lokhljóð orð: geta

[k] = uppgómmælt, ófráblásið lokhljóð orð: gaman

3. Finnið tökuorð sem byrja á *k* eða *g* þar sem á eftir kemur [ε], [ei] eða [ai]. Ef til vill kemur *Slangurorðabókin* að gagni. Berið orðin fram og athugið hvort upphafshljóðin verða framgómmælt, eins og í flestum íslenskum orðum, eða uppgómmælt.

**Svar:** *gella, gay, allt í kei* (sbr. *ókei*), *Kaíró* o.fl.

**Ábending:** Hægt er að benda nemendum á að fara inn á síðuna [slangur.is](http://slangur.is) en þar er finna fjöldann allan af nýyrðum, tökuorðum og slettum.

4. a. Berið skýrt fram eftirfarandi orð. Segið til um hvort bókstafirnir sem strikað er undir tákni rödduð eða órödduð hljóð. Athugið að í sumum tilfellum er bæði hægt að bera hljóðið fram raddað og óraddað. Ef hljóðið er raddað er talað um raddaðan framburð (sbr. umfjöllun um raddaðan framburð í kafla 9.3.2). Hvaða orð er hægt að bera fram bæði með rödduðum framburði og órödduðum framburði?

**Dæmi:** harpa = óraddað

**Svar:**

kempa = óraddað nema í rödduðum framburði

menntun = óraddað nema í rödduðum framburði

oft = óraddað

herti = óraddað

hálka = óraddað nema í rödduðum framburði

harka = óraddað

b. Hvaða áhrif hafa /p,t,k/ á undanfarandi hljóð?

**Svar:** Þau afradda hljóðin nema þegar um raddaðan framburð er að ræða.

5. Segið eftirfarandi orð upphátt og reynið að átta ykkur á því fyrir hvaða hljóð þeir bókstafir standa sem strikað er undir. Passið að láta stafsetninguna ekki villa um fyrir ykkur og einbeitið ykkur eingöngu að því sem þið segið (en ekki því sem þið lesið!).

**Svar:**

koppur = [hp]; flekka = [hk]; köttur = [ht]; frakki = [hc]

## Verkefni með kafla 4.2.2

- Lýsið eftirfarandi hljóðum með því að nefna myndunarstað, röddun og myndunarhátt (flokk). Styðjist við töfluna í kaflanum ef þið þurfið.
  - Finnið orð þar sem viðkomandi hljóð kemur fyrir í og strikið undir hljóðið í orðinu.

**Dæmi:** [v] = Lýsing: tannvaramælt, raddað öngljóð      orð: *virding*

**Svar:**

[θ] = lýsing: tannmælt, óraddað öngljóð      orð: *þvinga*

[s] = lýsing: tannbergsmælt, óraddað öngljóð      orð: *syngja*

[ç] = lýsing: framgómmælt, óraddað öngljóð      orð: *hjala*

2. Í íslensku erum við með rittáknin *þ* og *ð*. Hvenær kemur [θ] fram í framburði og hvenær [ð]? Hafið framburðinn á undirstrikuðu hljóðunum til hliðsjónar í eftirfarandi orðum og reynið að leiða út hljóðreglu um þessi hljóð. Hafa til dæmis nágrannahljóð áhrif? Hvað með stöðu hljóðanna í viðkomandi orðum? Hefur það eitthvað að segja hvort hljóðið er í framstöðu (stendur fremst), í innstöðu eða í bakstöðu (stendur aftast)? Hvað með samsett orð?

Þórður      jörður      það      æði      liðka      blíða      ökuþór

**Svar:** Þórður = [θ]; jörður = [ð]; það = [θ]; liðka = [θ]; blíða = [ð]; ökuþór = [θ]

[θ] kemur fyrir í upphafi orða sem stafsett eru með *þ* og í enda orða sem stafsett eru með *ð*. Það kemur enn fremur fram á undan órödduðum hljóðum eins og [k] og í byrjun orða í samsettum orðum.

[ð] kemur fyrir inni í orðum milli raddaðra hljóða.

Það er ljóst að nágrannahljóð hafa áhrif á það hvort hljóð eru rödduð eða órödduð.

3. Hvaða tvö órödduð önglhjóð í íslensku eiga sér ekki raddaða samsvörun?

**Svar:** Það eru hljóðin [s] og [h].

4. Hver er munurinn á undirstrikuðu hljóðunum í orðunum *jól* og *hjól*?

**Svar:**

*jól* = hérna eru um raddað hljóð að ræða, sbr. [j]

*hjól* = hérna er um óraddað hljóð að ræða, sbr. [ç]

Það eina sem skilur þessi hljóð að er röddunin. Þau hafa sama myndunarstað (framgómmeðt) og tilheyra sama flokki (önglhjóð).

5. Nefnið dæmi um það að bókstafurinn *h* í íslensku tákni ekki hljóðið [h].

**Svar:** Í orðum sem byrja á *hj*, *hl*, *hn*, *hr*, *hé* og *hv*, sbr. *hjarn*, *hlæja*, *hnýta*, *hræra*, *hér* og *hvernig*.

### Verkefni með kafla 4.2.3

1. a. Lýsið eftirfarandi hljóðum með því að nefna myndunarstað, röddun og myndunarhátt (flokk). Styðjist við töfluna í kaflanum ef þið þurfið.
  - b. Finnið orð þar sem viðkomandi hljóð kemur fyrir í og strikið undir hljóðið í orðinu.

**Dæmi:** [ɲ] = Lýsing: framgómmeðt, raddað, nefhljóð

**orð:** *Mangi*

**Svar:**

- [n] = lýsing: tannbergsmælt, raddað nefhljóð orð: nef  
[ ] = lýsing: uppgómmælt, óraddað nefhljóð orð: tankur  
[m] = lýsing: varamælt (tvívaramælt), raddað nefhljóð orð: maður

2. Hvað verður um loftið þegar við myndum nefhljóð?

**Svar:** Loftið fer út um nefholið en lokað er fyrir munnhol.

3. a. Hver er munurinn á nefhljóðunum í eftirfarandi orðum?

langur      lengi      banki      banka      banar

**Svar:**

- langur = í þessu orði er nefhljóðið uppgómmælt og raddað, [ŋ]  
lengi = í þessu orði er nefhljóðið framgómmælt og raddað, [ŋ]  
banki = í þessu orði er nefhljóðið framgómmælt og óraddað [ ]  
banka = í þessu orði er nefhljóðið uppgómmælt og óraddað [ ]  
banar = í þessu orði er nefhljóðið tannbergsmælt og raddað [n]

b. Hvaða áhrif hafa nágrannahljóðin á nefhljóðin í lið a (þ.e. þau sem fylgja viðkomandi nefhljóðum)?

**Svar:** Þegar nefhljóð er á undan *g* í stafsetningu er það raddað. Þegar það er hins vegar á undan *k* er það óraddað. Þegar það er á milli sérhljóða er það raddað.

4. Hvernig getur sérhljóð orðið nefjað (þ.e. borið fram sem nefmælt)?

**Svar:** Þá er hljóðið gert nefmælt með því að veita auknu lofti út um nefholið. Frakkar hafa t.d. þessi hljóð, sbr. *pendant* (á meðan).

## Verkefni með köflum 4.2.4 og 4.2.5

1. Hvernig eru hliðarhljóð mynduð?

**Svar:** Þegar hliðarhljóð eru mynduð berst loft út til hliðar við tunguna sem nemur við tannbergið.

2. Hliðarhljóðin eru tvö, raddað hljóð og óraddað. Lýsið þeim með því að nefna myndunarstað og myndunarhátt (flokk).

**Svar:**

[l] = tannbergsmælt, raddað hliðarhljóð

[ ] = tannbergsmælt, óraddað hliðarhljóð

Á þessum hljóðum er það röddunin ein sem skilur þau að.

3. Reynið að setja fram afröddunarreglu fyrir /l/ í íslensku? Í hvaða hljóðaumhverfi er /l/ borið fram óraddað?

**Svar:** /l/ er borið fram óraddað á undan /p,t,k/ í stafsetningu (nema í rödduðum framburði). Það er einnig borið fram óraddað á eftir *h* (þ.e. *hl*). /l/ er hins vegar raddað í upphafi orða, sbr. *lækur*, og á milli raddaðra hljóða, sbr. *hæla*. Það er raddað á eftir sérhljóðum þó að óraddað hljóð fylgi (nema áðurnefnd /p,t,k/), sbr. *heilsa*.

4. Hvers vegna gætu þeir sem nota raddaðan framburð (fyrir norðan) að vissu leyti átt auðveldara með enskan framburð en fólk sem er til dæmis búsett í Reykjavík?

**Svar:** Vegna þess að enskumælandi fólk ber /l,m,n/ fram rödduð á undan /p,t,k/ líkt og fólk gerir sem hefur raddaðan framburð. Þess vegna er framburður á orði eins og *lamp* nær enska framburðinum hjá fólki með raddaðan framburð heldur en hjá þeim sem hafa hann óraddaðan (en það er meirihluti landsmanna).

5. Að hvaða leyti sker lýsing á sveifluhljóðunum sig úr lýsingunni á hinum samhljóðaflokkunum?

**Svar:** Það er eini flokkurinn þar sem loft kemur ekki við sögu í lýsingunni. Í henni er einungis vísað til þess hvað tungan gerir (og hvar) og dregur flokkurinn heiti sitt af því, sbr. tungan sveiflast við tannbergið = sveifluhljóð.

6. Berið upphátt fram eftirfarandi orð.

tærnar            ker            reiður            harpa            færa            garður  
társ                sárt                herfa

a. Reynið að átta ykkur á hvenær sveifluhljóðið er óraddað og hvenær það er raddað.

**Dæmi:** kerti = raddað

**Svar:**

tærnar: raddað            ker: óraddað (hjá flestum)            reiður: raddað            harpa: óraddað  
færa: raddað            garður: raddað            társ: óraddað            sárt: óraddað  
herfa: raddað

b. Hugið að því hvaða hljóð koma á eftir sveifluhljóðinu og athugið hvort þið getið leitt út einhverja hljóðreglu um það hvenær /r/ er borið fram raddað og hvenær óraddað.

**Svar:** Sveifluhljóð er raddað í upphafi orða, milli sérhljóða og á eftir sérhljóði nema því fylgi /p,t,k/ en þá er það alltaf óraddað. Það er einnig óraddað ef s fylgir því, öfugt við hliðarhljóðið sem þá er raddað, sbr. *társ* og *háls*. /r/ er einnig óraddað í lok orða (að minnsta kosti í framburði margra).

7. Sveifluhljóðin eru tvö, raddað hljóð og óraddað. Lýsið þeim með því að tilgreina myndunarhátt (flokk) og myndunarstað.

**Svar:**

[r] = myndast með því að tungan sveiflast við tannberg og raddbönd sveiflast þannig að hljóðið er raddað.

[ ] = myndast á sama hátt en raddböndin eru slök og loftið á greiða leið út. Því sveiflast þau ekki og hljóðið verður óraddað.

### Verkefni með kafla 4.3

1. Búið til töflu með öllum íslensku samhljóðunum. Skiptið þeim í flokka og ritið þau með hljóðritunartáknum en ekki stafsetningartáknum. Gott er að vinna þetta í litlum hópum. Reynið að kíkja ekki á töfluna hér að framan nema þið nauðsynlega þurfið.

**Svar:** Þetta er gott verkefni til að fá nemendur til að rifja upp samhljóðin með því að velta fyrir sér myndunarstað og myndunarhætti þeirra.

2. Hér fyrir neðan eru lýsingar á ólíkum samhljóðum. Reynið að átta ykkur á því um hvaða samhljóð er að ræða og skrifið hljóðritunartákn þeirra innan hornklofa, sbr. neðanritað dæmi. Ekki styðjast við töfluna hér að framan fyrr en í fulla hnefana.

**Dæmi:** uppgómmælt, óraddað öngljóð [ x ]

**Svar:**

framgómmælt, óraddað nefhljóð [ ]  
tannbergsmælt, óraddað öngljóð [s]  
varamælt, fráblásið lokhljóð [p<sup>h</sup>]  
tannbergsmælt, raddað hliðarhljóð [l]  
tannvaramælt, raddað öngljóð [v]

## 5. Atkvæðaskipting í íslensku

Orð skiptast á mismunandi hátt í atkvæði í tungumálum. Í íslensku skiptast þau þannig að hvert atkvæði í orði (utan þess fyrsta) hefst á svokölluðum stuðli sem í flestum tilfellum er eitt samhljóð. Þegar orðin eru til dæmis borin rólega fram eða sungin er oft hægt að finna hvernig þau skiptast í atkvæði á þennan hátt.

## Verkefni með kafla 5

1. Sýnið skiptingu eftirfarandi orða í atkvæði.

**Vísbending:**

Fram hjá fyrsta sérhljóði  
og hafa einn stuðul (samhljóða)  
fyrir framan það næsta og svo koll af kolli.  
Munið hala og hljóðasamböndin  $p,t,k,s + j,v,r$ .

**Dæmi:**            K Ú S - T U R

<b>Svar:</b> AM-MA	BLAÐ	SKÍ-TU-GUR
TVI-SVAR	FLÓT-TA-LE-GUR	KVEI-KJA-RI
PI-PRA		

Athugið að svokallaður hali er ekki með í ofanritaðri skiptingu enda hefur hann ekki vægi atkvæðis, sbr. bls. 90 í kennslubók.

2. Hvernig skiptast samsett orð í atkvæði?

**Svar:** Þau skiptast í ósamsett orð og síðan skiptast þau orð með hefðbundnum hætti, sbr. ÖK-U-MA-ÐUR.

3. Í hvaða tilvikum eru tveir samhljóðar jafngildi eins stuðuls? Finnið dæmi um slík orð.

**Svar:** Þegar samhljóðaklasarnir  $p,t,k,s + j,v,r$  standa saman jafngilda þeir einum stuðli, sbr. LE-PJA      VÖ-KVA

4. Skrifðu niður fjögur orð úr enskri orðabók og gerið grein fyrir hvernig þau skiptast í atkvæði í enskunni. Takið einnig eftir því hvar áherslan er í orðunum.

**Svar:** Hér er upplagt að láta nemendur bera saman ensk og íslensk orð, bæði hvað varðar atkvæðaskiptingu og áherslu í orði.

## 6. Tvíliðahneigð í íslensku

Í íslensku skiptast gjarnan á tvíliðir í kveðskap, þ.e. tveggja atkvæða orð. Þessi tvíliðahneigð virðist líka teygja anga sína í gælunöfn og svokölluð ó-orð, sbr. *Halli* og *spennó*. Í kveðskap er um langa hefð að ræða en erfitt er að finna einhlítt svar við því hvers vegna gælunöfn verða jafnvel til úr einsatkvæðisorðum og fara yfir í það að verða tvíkvæð, sbr. *Jón/Nonni*. Það er forvitnilegt að velta því fyrir sér hvort kveðskapurinn valdi því að einhverju leyti að bæði gælunöfn og ó-orð sækja í það að vera tvíkvæð eða hvort einhverjar aðrar skýringar liggja að baki. Vert væri að hvetja nemendur til að brjóta heilann um það og reyna að finna sennilegar tilgátur.

### Verkefni með kafla 6

1. Lesið upphátt eftirfarandi ljóð og reynið að átta ykkur á hvar áherslan lendir. Strikið undir þau atkvæði.

**Svar:**

<u>Sigga</u> <u>litla</u> <u>systir</u> <u>mín</u>	Að <u>lífið</u> sé <u>skjálfandi</u> <u>lítið</u> <u>gras</u>
<u>situr</u> <u>úti</u> í <u>götu</u> ,	má <u>lesa</u> í <u>kvæði</u> eftir <u>Matthías</u>
<u>er</u> að <u>mjólka</u> <u>ána</u> <u>sín</u>	en <u>allir</u> <u>vita</u> hver <u>örlög</u> <u>fær</u>
í <u>ofurlitla</u> <u>fötu</u> .	sú <u>urt</u> sem að <u>hvergi</u> í <u>vætu</u> <u>nær</u> .
	<u>Mikið</u> <u>lifandis</u> , <u>skelfingar</u> , <u>ósköp</u> er <u>gaman</u>
	að <u>vera</u> <u>svólítið</u> <u>hífaður</u> .

2. Athugið nöfnin á öllum bekkjarfélögum ykkar og kannið hvort hægt sé að mynda gælunöfn af þeim. Skriðið niður viðkomandi nöfn og gælunöfn og reiknið út hve mörg prósent af nöfnunum það eru sem hægt er að mynda gælunöfn af. Hversu mörg gælunafnanna eru tvíkvæð?

**Svar:** Þetta er sniðug tilraun til að sjá hve stórt hlutfall af einum bekk ber gælunafn og einnig að reikna út hve mörg þessara nafna eru tvíkvæð. Líklega leiðir niðurstaðan í ljós að meirihluti gælunafnanna er tvíkvæður, jafnvel þó að mynduð séu gælunöfn úr einsatkvæðis nöfnum.

3. Búið til lista yfir 10–15 „ó-orð“ og reynið að flokka þau í orðflokka.

**Svar:** Í þessu verkefni reka nemendur sig kannski á að það getur verið erfitt að flokka sum ó-orðin í orðflokka. Þá er um að gera að láta þá velja því fyrir sér hvers vegna svo sé.

## 7. Lengd hljóða = [:]

Stundum getur reynst erfitt fyrir nemendur að átta sig á hvenær hljóð er langt og hvenær ekki. Því getur verið gott að hafa viðmiðunarreglu til að vísa veginn. Sú sem sett er fram í kennslubókinni gerir ráð fyrir að sérhljóð sé langt í áhersluatkvæði ef það er opið, þ.e. endar á sérhljóði. Þegar nemendur hafa það til hliðsjónar og nota einnig eyrun ættu þeir að finna það út að þetta tvennt tónar saman. Auðveldar er að átta sig á löngum samhljóðum því að þau eru oftast tvírituð í stafsetningu. Þó er það ekki einhlítt, sbr. *villa* og *fennti*, og einnig þarf að minna nemendur á að lengd er bara til staðar í áhersluatkvæði og því er t.d. tvíritað nefhljóð í greini orða aldrei langt, sbr. *barnanna*.

### Verkefni með kafla 7

1. Berið fram eftirfarandi orð og hlustið um leið grannt eftir því hvaða sérhljóð eru löng. Berið svo útkomu ykkar saman við „undantekningu“ frá því að stuðull sé oftast bara eitt samhljóð, sbr. kafla 7.1.

**Svar:**

E-TJA (langt)   FYR-STUR (stutt)   TAPS (stutt)   HELST (stutt)   FLÆ-KJA (langt)

Í kennslubókinni kemur fram að sérhljóð í fyrsta atkvæði er langt ef það er opið, þ.e. ef það endar á sérhljóði. Af þessum orðum má sjá að þegar p,t,k,s + j,v,r fylgja raða þessir samhljóðaklasar sér saman fremst í næsta atkvæði, þ.e. þeir mynda saman einn stuðul og klofna ekki á milli atkvæða, þ.e. \*ET-JA. Þetta má glöggst finna þegar orðin eru borin hægt fram.

2. Segið eftirfarandi orð upphátt og hlustið vel eftir því hvaða samhljóð eru lengri en önnur. Strikið síðan undir þau samhljóð sem eru löng.

<b>Svar:</b>	SP <u>EN</u> NA	SP <u>EN</u> NTUR	P <u>AB</u> BI	SP <u>ER</u> RTI
	SP <u>ER</u> RA	V <u>IN</u> NINGUR	H <u>IS</u> SA	K <u>YS</u> STUR
	SK <u>AM</u> MA	H <u>AT</u> TUR	V <u>Ö</u> ÐV <u>AN</u> NA	KE <u>PP</u> PUR
	GA <u>FF</u> FALL	SK <u>EM</u> MANNA	Þ <u>Y</u> KKUR	LE <u>GG</u> JA

Hér má glöggjt sjá að samhljóð eru almennt löng í áhersluatkvæði milli sérhljóða nema ef um pp, tt og kk er að ræða en þá kemur aðblásturinn inn sem fyrri hljóð, sbr. [c<sup>h</sup>ehpʏ ]. Eins og áður sagði er vert að vekja athygli nemenda á því að tvírituð nefhljóð í greini eru aldrei löng þar sem hann er ekki í áhersluatkvæði. Sömuleiðis þurfa þeir að hlusta vel eftir hljóðum í orði eins og *hella* þar sem tvöfalda samhljóðið í áhersluatkvæðinu er ekki langt þó að það sé á milli sérhljóða.

3. a. Berið fram eftirfarandi orð og strikið undir þá sérhljóða sem þið álítið að séu langir. Hlustið eftir lengd áhersluatkvæðanna og berið hana saman við áherslulausu atkvæðin.

Athugið einnig að þegar um samsett orð er að ræða skiptast þau fyrst í ósamsett orð og síðan í atkvæði.

**Dæmi:** BLÄÐSÍÐA BLA-Ð = opið áhersluatkvæði = *a* er langt  
SÍ-ÐA = opið áhersluatkvæði = *í* er langt

<b>Svar:</b>	FER <u>Ð</u>	F <u>A</u> RA	P <u>E</u> RA	EPLI	B <u>A</u> NANI
	V <u>Í</u> N <u>B</u> ER	M <u>E</u> LÓNA	M <u>A</u> TUR	DRYKKUR	V <u>Í</u> SINDI
	ÞROSKA <u>Ð</u> UR	FJ <u>Á</u> RM <u>Á</u> L			

Sumir heyra glöggjt þegar eitt hljóð er lengra en annað og eiga því ekki í vandræðum með að merkja inn lengd þar sem það á við. Öðrum finnst gott að geta stuðst við viðmiðunarreglu og þar kemur reglan um opið áhersluatkvæði sterkt inn. Hægt er að láta nemendur fyrst merkja inn lengd með því eingöngu að hlusta og síðan að bera niðurstöður sínar saman við lengdarregluna og athuga hvort það fellur saman.

b. Spreytið ykkur á að hljóðrita orðin í a-lið og táknið lengd með : aftan við það hljóð sem ber lengdina í orðinu. Takið hvert orð fyrir sig í samsettum orðum. Styðjist við töfluna í kafla 4.3.

**Svar:**

PERA [p <sup>h</sup> ɛ:ra]	EPLI [ɛ <sup>h</sup> plɪ]	BANANI [pa:nani]
MELÓNA [mɛ:louna]	MATUR [ma:tv ]	DRYKKUR [tri:hky ]
VÍSINDI [vi:sinti]	ÞROSKAÐUR [θrɔskaðʏr]	VÍNBER [vi:mpe: ]
FJÁRMÁL [fjau:rmau: ]		

## 8. Hljóðritun

Þegar nemendur byrja að hljóðrita í fyrsta skipti er að mörgu að huga. Þeir eru vanir því að horfa á orð skrifuð með ákveðnum hætti en átta sig fljótlega á því að stafsetningin endurspeglar ekki að öllu leyti hvernig orðin eru borin fram. Lengdin vefst oft fyrir nemendum því að svo virðist sem þeir telji hana lengi vel ekki hluta af hljóðrituninni. Það er gott að hnykkja á henni við og við en gæta þó að því að gera hana ekki að aðalatriði á kostnað alls hins. Þegar nemendur eru farnir að hljóðrita heilu setningarnar þurfa þeir að gæta að því að orð renna oft saman í framburði, hljóðum er sleppt og lengd og áhersla geta farið svolítið á flot.

Nauðsynlegt er að fara rólega af stað í hljóðrituninni og gefa nemendum tíma til að spá og spekúlera og smám saman ná þeir sambandi við hljóðin sem þeir bera fram. Hljóðritun gengur út á að lýsa framburði einstaklinga og hann getur verið misjafn. Því er nauðsynlegt að gefa nemendum tækifæri til að hlusta eftir eigin framburði og hafa skoðanir á honum og forðast að þröngva til dæmis upp á hann framburði kennarans sem í sumum tilfellum getur verið annar en nemandans. Í lokin getur verið lærdómsríkt fyrir nemendur að hljóðrita eftir upplestri. Þegar komið er að því eru margir nemendur orðnir ansi leiknir í að hlusta eftir framburði og eru oft mjög stoltir yfir að hafa náð svo góðum tókum á hljóðrituninni.

## Verkefni með kafla 8

1. Hljóðritið eftirfarandi orð og lýsið hverju hljóði fyrir sig með því að tilgreina myndunarstað, röddun/fráblástur og myndunarhátt (flokk). Athugið að línurnar gefa ykkur vísbendingar um fjölda hljóða í hvoru orði.

**Dæmi:** HANGA = [hauŋka]

**Lýsing:** [h] = raddbandamælt óraddað önghljóð  
[au] = fjarlægt uppmælt ókringt og nálægt uppmælt kringt  
[ŋ] = uppgómmælt raddað nefhljóð  
[k] = uppgómmælt ófráblásið lokhljóð  
[a] = fjarlægt uppmælt ókringt

**Svar:**

KETILL [c<sup>h</sup>ɛ:tit ]

c<sup>h</sup> = framgómmælt fráblásið lokhljóð  
ɛ = fjarlægt frammælt ókringt  
t = tann(bergs)mælt ófráblásið lokhljóð  
ɪ = frammælt miðlægt ókringt  
t = tann(bergs)mælt ófráblásið lokhljóð  
= tannbergsmælt óraddað hliðarhljóð

GÆFUR [caɪ:vʏ ]

c = framgómmælt ófráblásið lokhljóð  
aɪ = uppmælt fjarlægt ókringt og frammælt nálægt ókringt  
v = tannvaramælt raddað önghljóð  
ʏ = frammælt miðlægt kringt  
= tannbergsmælt óraddað sveifluhljóð (oftast óraddað í bakstöðu)

2. a. Hljóðritið eftirfarandi orð miðað við skýran en eðlilegan framburð. Munið að sýna lengd þar sem við á.

**Svar:**

FLÓTTI [flouhti]

TJALD [t<sup>h</sup>jalt]

FUGL [fʏk ]

SVEFNPOKI [svɛp<sup>h</sup>ɔ:cɪ]/[svɛp<sup>h</sup>ɔ:c<sup>h</sup>ɪ]

GRILL [krɪl:]

SLÆMUR [stlai:my ]

RÆNINGI [rai:nɪŋci]

ÞEKKIR [θɛhci ]

HÖRMUNG [hœrmuŋk]

GLÆSILEGUR [klai:sɪlɛ(:)ʏʏ ]

HLIÐ [ɪθ]

SNERILL [stnɛ:rit ]

VATN [vaht ]

HNEFAFYLLI [ ɛ:vafɪtlɪ]

GRÍS [kri:s]

HVENÆR [k<sup>h</sup>vɛ:nai ]/[xvɛ:nai ]/[xɛ:nai ]

b. Skrifðu niður það sem þið voruð í vafa um þegar þið voruð að hljóðrita.

Hér er ýmislegt sem nemendur myndu ef til vill vilja velta vöngum yfir. Má þar nefna hvort *r* og *l* eigi að vera rödduð, naumrödduð eða órödduð í bakstöðu. Einnig gætu verið skiptar skoðanir um *svefnpokann* og framburður á *hvenær* gæti verið ólíkur eftir því hvaðan af landinu nemendur eru. Aðblásturinn gæti farið fram hjá sumum því að hann er ekki tengdur stafsetningunni og *hn* og *hl* í byrjun orðs gæti líka vafist fyrir þeim.

3. Hljóðritið eftirfarandi setningar og miðið við skýran en eðlilegan framburð. Athugið að það er ekkert óeðlilegt við það að einhver hljóð falli brott í framburði.

**Svar:**

LÁTTU MIG Í FRIÐI.

[lauhtɪ mɪ:ʏi frɪ:ði]

FINNST ÞÉR ÞETTA EKKI FALLEGT?

[fɪnst (θ)jɛ:r (θ)ɛhtɛhci fatlɛxtʔ]

VILTU HÆTTA AÐ HLÆJA SVONA MIKIÐ.

[vi tɪ haihta ai:ja sɔ:na mɪ:cɪθ]

HELLTU MJÓLKINNI ALLS EKKI NIÐUR.

[hɛ tɪ mjou cɪni/mjoulc<sup>h</sup>ɪni alsɛhci nɪ:ðɪ ]

4. Verið fjögur saman í hóp. Látið einn í hópnum segja upphátt tvær málsgreinar (sem viðkomandi skáldar upp) og hinir hljóðrita eftir honum. Látið næsta taka við með 2 málsgreinar og svo koll af kolli. Hver og einn endar á að hljóðrita 6 málsgreinar.

**Svar:** Þetta verkefni er vel til þess fallið að þjálfar nemendur í að hlusta eftir þeim hljóðum sem fram koma í upplestrinum.

5. Verið fjögur saman í hóp.

a. Finnið 5 orð í enskri orðabók og sýnið hvernig þau eru hljóðrituð. Látið strík milli atkvæða fylgja sem og brodd (kommu) sem sýnir hvar áherslan í orðinu á að vera.

**Svar:** Hér ættu nemendur ekki að vera í neinum vandræðum með að finna dæmi. Þeir komast væntanlega að því að í ensku er oft skipt í atkvæði á sama hátt og í íslensku (þ.e. „stuðlareglan“ en það er þó ekki algilt). Einnig er áhugavert að bera saman áhersluna í þessum tveimur tungumálum þar sem áherslan í ensku er ekki alltaf bundin við fyrsta atkvæðið eins og er langoftast raunin í íslenskunni.

b. Skoðið IPA-töfluna í kafla 3.3 og reynið að skýra framburð ensku orðanna í lið a með hjálp hennar. Nýtið ykkur líka töfluna í kafla 4.3 við hljóðritunina. Ef einhver orð eru notuð við lýsinguna sem þið skiljið ekki aflið ykkur þá frekari upplýsinga á netinu, með orðabók eða hjá kennaranum!

**Svar:** Það er gagnlegt fyrir nemendur að vinna með hljóðfræðihugtök sem eiga við önnur tungumál en íslensku. Í frönsku er /r/ til dæmis lýst með hugtaki eins og *úfmælt*. Í öðrum tungumálum eru til öngljóð sem eru *kokmælt* og *tvívaramælt*. Ef nemendur skoða til dæmis enskar, danskar, þýskar og franskar orðabækur geta þeir séð hljóðritun orða og ýmis hljóðritunartákn sem ekki er að finna í íslensku. Þeir ættu að geta fundið þau tákn í hljóðritunartöflunum á bls. 30-31 og séð þar lýsingu á hverju þessara máhljóða.

c. Sýnið bekknum niðurstöðu og úrvinnslu ykkar.

**Svar:** Hérna gæti verið skemmtilegt fyrir nemendur að spreyta sig á því að bera fram ýmis hljóð út frá þeim lýsingum sem þeir hafa unnið með.

### Ábending:

Með því að fara inn á leitarsíðuna google.is og slá inn *IPA sounds* koma upp nokkrir vefir sem þar hægt er að hlusta á þau málhljóð sem tilheyra IPA-hljóðritunarkerfinu, t.d. þessar:

<http://web.uvic.ca/ling/resources/ipa/charts/IPAlab/IPAlab.htm>

<http://www.sil.org/computing/ipahelp/ipaprvw2.htm>

Á neðanritaðri slóð má síðan finna bæði sérhljóða- og samhljóðatöflu með IPA-hljóðritunartáknum sem eru lengst til vinstri í töflunum. Lengst til hægri er síðan að finna ensk orð þar sem endurspegla framburð hvers tákns.

[http://en.wikipedia.org/wiki/Pronunciation\\_respelling\\_for\\_English](http://en.wikipedia.org/wiki/Pronunciation_respelling_for_English)

6. Verið fjögur saman í hóp.

Setjið ykkur í spor Dana annars vegar og Englendinga hins vegar sem ekkert kunna í íslensku og „látið“ þá lesa upp neðanritaðan texta.

ÞEGAR BARNIÐ HNERRAÐI Í FLUGVÉLINNI OG HENTIST TIL LITU ALLIR FARÞEGARNIR VIÐ.

a. Talið fyrst saman og skrifið síðan niður þau atriði sem líklegt er að þeir bæru fram með „sínur“ framburði, sbr. hliðstæða „úttekt“ á Frakkanum í kafla 8.4.

**Svar:**

**DANI:**

ÞEGAR: Ekki er ólíklegt að Daninn bæri *þ* fram sem *ð* eða *d*, hann myndi líklega sleppa *g* og bera *r*-ið fram úfmælt, þ.e. myndað í kokinu.

BARNIÐ: Hér myndi hann sennilega sleppa *r*-inu, bera *i* fram sem *e* og sleppa jafnvel *ð*-inu.

HNERRAÐI: Hér myndi hann sleppa *h* í upphafi orðs, hafa úfmælt *r* og líklega sleppa *ð*-inu.

FLUGVÉLINNI: Daninn myndi líklega bera *u* fram sem *ú*, sleppa framburðinum á *g* og bera *é* fram í áttina að *e*.

HENTIST: Hann myndi kannski sleppa *h* í byrjun (þó ekki víst) og *n* yrði væntanlega raddað.

LITU: Framburðurinn á þessu orði gæti verið svipaður íslenskunni þó að sérhljóðin gætu hljómað aðeins öðruvísi.

ALLIR: Hér bæri hann fram *ll* en ekki *dl*, *i* færi líklega í áttina að *e* og *r* jafnvel sleppt.

FARÞEGARNIR: *r*-in yrðu úfmælt eða þeim sleppt, *þ*-hljóðið gæti verið veikt, *g*-inu líklega sleppt og *i* í lokin gæti verið nær *e*.

VIÐ: *i* gæti verið borið fram í áttina að *e* og *ð*-inu yrði líklega sleppt.

Eins og sjá má sleppa Danir gjarnan hljóðum aftast í orðum og öngljóðum. Þeir bera sérhljóðana ekki alltaf fram eins og Íslendingar, sbr. *i* verður oft nær *e*. Íslenska er eina Norðurlandamálið þar sem enn eru leifar af *h* í framburði *hn*, *hl*, *hr* og *hj* (*h*-ið afraddar eftirfarandi samhljóð). Hin Norðurlandamálin hafa glatað þessu *h*-hljóði. *r*-ið er alltaf úfmælt og fellur gjarnan brott í framburði.

#### ENGLENDINGUR:

ÞEGAR: Englendingurinn bæri *þ* líklega fram sem *ð*, *g* sem lokhljóð og *r* aftar í munni en Íslendingur og ekki með sveiflum. Sérhljóðin eru líklega ekki alveg eins og okkar *e* og *a*.

BARNIÐ: *r*-ið væri aftar en hjá Íslendingum og það kemur ekkert *d*-hljóð á milli *r* og *n* eins og yfirleitt í íslensku. *ð*-ið verður líklega að *d*-hljóði.

HNERRAÐI: Sennilega myndi hann sleppa *h*. *r* og *ð* yrðu eins og í orðunum á undan.

FLUGVÉLINNI: *g* væri líklega borið fram sem lokhljóð, *é* sem *e* og *l* enn meira raddað en í íslensku og tungan væri meira aftan við tennur.

HENTIST: *n* yrði raddað og eftirfarandi *t* fráblásið.

ALLIR: Hér bæri hann fram *ll* en ekki *dl*, *r*-ið yrði aftar eins og áður sagði.

FARÞEGARNIR: Hér yrði ólíkur *r*-framburður líklega mest áberandi og *þ* yrði sennilega borið fram sem *ð* eða *d* og *g* yrði að lokhljóði.

VIÐ: *ð* yrði ef til vill borið fram sem *d*.

Það sem væri líklega mest áberandi hjá Englendingum er annar framburður á *r* og *l*. Hann þekkir líka ekki stafina *þ*, *ð* og *é* sem kæmu því öðruvísi út í framburði en hjá Íslendingum.

Það að bera fram *hn* í upphafi orða (óraddað *n*) væri líka framandi.

- b. Hljóðritið síðan hugsanlegan framburð hjá þeim. Ef þarf, styðjist við IPA-töfluna í kafla 3.3. Nýtið ykkur einnig hljóðritunartöfluna í kafla 4.3.

**Svar:**

Hér gætu nemendur nýtt sér „úttektina“ sem þeir gera í lið a og æft sig í að finna tákinn, t.d. fyrir úfmælt  $r$ , og hljóðritað hugsanlegan framburð. Þeir geta einnig stuðst við slóðirnar sem gefnar eru í ábendingunni að ofan. Auðvitað er þetta ekki vísindalega nákvæmt en verkefnið er ekki síst hugsað til að vekja nemendur til umhugsunar um ólíkan framburð mismunandi tungumála á samskonar stafsetningartáknum og í hverju þessi munur er fólgin.

7. Berið feitlettruðu málgreinarnar fram á þrjá vegu og hljóðritið:

1. Með eðlilegum en skýrum framburði
2. Með nokkuð skýrum framburði
3. Með hröðum og óskýrum framburði

**Svar:**

ÉG HEF EKKI ÁHUGA Á AÐ KOMA MEÐ.

Skýr framburður:

[jɛ:(x) hɛ:vɛhɔ au:hʏ:ʏa au a(θ) k<sup>h</sup>ɔ:ma mɛ:θ]

Nokkuð skýr framburður:

[jɛhɛ:vɛhcau:hʏ:ʏaua k<sup>h</sup>ɔ:ma mɛ:θ]

Óskýr framburður:

[jɛvɪc:au:aua k<sup>h</sup>ɔ:mɛ]

ÉG HELD AÐ ÉG SÉ ORÐIN(N) SVOLÍTIÐ FLINK/-UR Í HLJÓÐFRÆÐI!

Skýr framburður:

[jɛ:(x) helt a(ð) jɛ:x sje: ɔrðin svɔ:li:tɪθ fli            ʏri jou:(θ)frai:ðɪ]  
svɔ:li:t<sup>h</sup>ɪθ (harðmæli) flɪnc<sup>h</sup>i/flɪŋk<sup>h</sup>ʏri (raddaður frb.)

Nokkuð skýr framburður:

[jɛhelt ajesje: ɔrðin sɔltɪ fli            ʏri jou:frai:ðɪ]  
svɔlt<sup>h</sup>ɪθ (harðmæli) flɪnc<sup>h</sup>i/flɪŋk<sup>h</sup>ʏri (raddaður frb.)

Óskýr framburður:

[jɛlt jɛsjɛ: ɔrin sɔltɪ fli            ʏri jou:(f)rai:]  
sɔlt<sup>h</sup>ɪ (harðmæli) fljɔnc<sup>h</sup>i/fljɔŋk<sup>h</sup>ʏri (raddaður frb.)

VIÐ SKULUM PAKKA NIÐUR Í HVELLI

Skýr framburður:

[vi: skʏ:lʏm p<sup>h</sup>ahka nɪ:ðʏri k<sup>h</sup>vɛtlɪ]  
x<sup>w</sup>ɛtlɪ (dæmi um hv-frb.)

Nokkuð skýr framburður:

[vɪskʏ:lʏm p<sup>h</sup>ahka nɪ:ðri k<sup>h</sup>vɛtlɪ]  
x<sup>w</sup>ɛtlɪ (dæmi um hv-frb.)

Óskýr framburður:

[ɪsklʏm p<sup>h</sup>ak:a nɪ:ri k<sup>h</sup>ɛtlɪ]  
x<sup>w</sup>ɛtlɪ (dæmi um hv-frb.)

8. Kennari les upp stuttan texta sem hann skáldar eða tekur upp úr bók og nemendur hljóðrita eftir honum.

**Svar:**

Dæmi um texta:

Nú hafið þið lært ansi margt um hljóðfræði. Þið hafið sýnt henni mikinn áhuga og vonandi gengur ykkur orðið vel að hljóðrita. Það er greinilegt að þessi fræði heilla ykkur upp úr skónum og þið getið eflaust nýtt ykkur þau í framtíðinni. Þetta viðfangsefni er skemmtilegt að kenna í svona líflegum og duglegum bekk.

Hugsanlega lausn (framburðarmállýskur í minnihluta ekki hljóðritaðar):

[nu: ha:viðɪ lai t ansi mart ʏm    jou:(θ)frai:ði. θɪ: ha:við si t hɛnɪ mi:cɪn au:hʏ:ʏa ɔ vɔ:nanti  
ceɪŋkʏr ihkʏr ɔrðið vɛ:lɑ    jou:(θ)rɪ:ta. θaɛ    kreɪ:nɪlɛxtɑ θɛsɪ frai:ði heitla ihkʏr ʏhpɪ  
skou:nʏm ɔθɪ cɛ:trɪð ɛvlɛɪst niht ihkʏr θɛi:i fra:mt<sup>h</sup>i:ðmɪ. θɛhta vɪ:faʏŋksepni ɛ    scɛ    tɪlɛxtɑ  
cɛn:i sɔ:na li:vleʏʏm ɔ tv:ʏleʏʏm pɛhk.]

## 9. Mállýskur

Þegar talað er um mállýskur á Íslandi taka þær helst til framburðar. Þar sem margir búa halda mállýskur nokkuð vel velli en þar sem er strjálbýlla lifa þær helst hjá elstu kynslóðinni. Vert er að vekja athygli nemenda á því að mállýskur geta þó falist í öðru en framburði, og má þar nefna beygingar eða orðaval, og að þær þurfa ekki endilega að vera bundnar við landshluta heldur geta þær til dæmis líka verið stéttbundnar.

### Verkefni með köflum 9.1-9.6

1. Í hverju getur mállýskumunur verið fólgin?

**Svar:** Mállýskumunur getur t.a.m. verið fólgin í framburði, setningagerð, beygingum og orðavali.

2. Hvaða skýringar geta verið á því að á Íslandi er eins lítill mállýskumunur og raun ber vitni?

**Svar:** Á Íslandi var tiltölulega auðvelt að ferðast á milli staða, þ.e. ekki þurfti að fara yfir illfær fjöll og mikla skóga. Menn hafa líka leitað skýringa í fornþókmenntir því að þjóðin átti snemma sameiginlega þókmenntaarfleifð. Fleiri skýringar hafa verið nefndar og má þar benda á grein eftir Helga Guðmundsson, *Um ytri aðstæður íslenskrar málþróunar*, þar sem hann leitar ýmissa skýringa.

3. Hvaða tvær stórar mállýskurannsóknir á framburði hafa verið unnar hér á landi? Hvenær voru þær unnar og hverjir stóðu að þeim?

**Svar:** Björn Guðfinnsson hóf yfirgripsmikla rannsókn á framburði landsmanna árið 1940. Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason hófu viðamikla rannsókn árið 1980 sem nefnd hefur verið *Rannsókn á íslensku nútímamáli* (RÍN).

4. Strikið undir þau orð sem geta verið borin fram á ólíkan hátt eftir landshlutum. Lýsið þeirri staðbundnu framburðarmállýsku sem við á hverju sinni og gerið grein fyrir því hvar hún er töluð.

Börnin langaði í súkkulaðiköku og því tóku þau sig til og bökuðu eina slíka. Þau vissu hvar allt var að finna og hjálpuðust öll að. Þau höfðu gaman af bakstrinum en eldhúsið var á hvolfi eftir þau. Þegar foreldrarnir komu heim var þeim brugðið því að þau sáu að börnin voru engir englar. Það kom þó á daginn að súkkulaðikakan var frekar góð og gott að renna henni niður með ísköldu mjólkurglasi.

**Svar:**

Börnin = > rn-framburður, Suðausturland

langaði = > vestfirskur einhljóðaframburður, Vestfirðir

súkkulaðiköku = > harðmæli, Norðurland

tóku = > harðmæli, Norðurland

bökuðu = > harðmæli, Norðurland

slíka = > harðmæli, Norðurland

hvar = > hv-framburður, Suðausturland

hjálpuðust = > raddaður framburður, Norðurland

höfðu = > bð-framburður, Norðurland

hvolfi = > hv-framburður, Suðausturland

brugðið = > gð-framburður, Norðurland

börnin = > rn-framburður, Suðausturland

engir = > vestfirskur einhljóðaframburður, Vestfirðir

englar = > ngl-framburður, Norðurland

daginn = > skaftfellskur einhljóðaframburður, Suðausturland

súkkulaðikakan = > harðmæli, Norðurland

frekar = > harðmæli, Norðurland

mjólk = > raddaður framburður, Norðurland

5. Hljóðritið eftirfarandi málsgreinar og miðið við skýran en eðlilegan framburð. Takið mið af þeim mállyskum sem þegar hefur verið fjallað um þegar það á við. Þið þurfið ekki að gera ráð fyrir flámæli.

Svar:

Hvað ætlarðu að gera við hvutta? (hv-framburður)

[x<sup>w</sup>a:(ð)aihtlara cɛ:ra vɪ x<sup>w</sup>ɣhta]

[x<sup>v</sup>a:(ð)aiht ara cɛ:ra vɪ x<sup>v</sup>ɣhta]

[xa:(ð)aiht ara cɛ:ra vɪ xɣhta]

Þú hefur hangið of lengi í bænum. (vestfirskur einhljóðaframburður)

[θu hɛ:vɣ hɑŋcið ov lɛŋci pai:nɣm.]

Ég var dauðskelkuð við hempuklædda manninn sem var að elta mig. (raddaður framburður)

[jɛ: va: ːðscɛlk<sup>h</sup>ɣð vɪ hɛmp<sup>h</sup>ɣk<sup>h</sup>lait:a man:ɪn sɛm va:ra ɛ ta miχ.]

Þegar hann tpaði í spílinu í gær tók hann spílastokkinn og grýtti honum í fótuna sem var á gólfinu. (harðmæli)

[θɛ:ɣaran t<sup>h</sup>a:p<sup>h</sup>aði spɪ:lɪni caɪ: t<sup>h</sup>ou:k<sup>h</sup>an spɪ:lastɔhcɪnɔ krihtɔnɣmi fœ:t<sup>h</sup>ɣna sɛm va:rau koulvɪnu.]

Hann hafði ekki hugmynd um það sem hann sagði við dómaraann. (bð- og gð-framburður)

[han: hɑpðɛhci hv:ɣmɪntɣm θa:sɛman sakði vitou:maran.]

Hann segist ætla að syngja lagið á morgun. (skaftfellskur einhljóðaframburður)

[han: sɛ:jɪst aihɪla sɪŋca la:jɪð au mɔrkɣn.]

6. a. Í hvers konar framburðarmállýskum myndu eftirfarandi orðapör ekki falla saman í framburði?

Svar:

*svigi* - *Svíi* => skaftfellskur einhljóðaframburður

*kvein* - *hvein* => hv-framburður

*vil* - *vel* => flámæli - **fellur saman**

*lögin* - *laugin* => skaftfellskur einhljóðaframburður

*hugum* - *högum* => flámæli - **fellur saman**

*hver* - *hver* => hv-framburður

*baginn - bæinn* => skaftfellskur einhljóðaframburður

*migið - míð* => skaftfellskur einhljóðaframburður

b. Reynd að finna fleiri sambærileg orðapör.

**Svar:**

Dæmi:

*kvalir - hvalir* => hv-framburður

*lægið - lagið* => skaftfellskur einhljóðaframburður

7. Lýsið flámæli í stuttu máli. Teljið þið að það hafi verið óæskileg málbreyting? Rökstyðjið svar ykkar.

**Svar:** Flámælið einkennist af því að miðlægu sérhljóðin [ɪ] og [ʏ] renna saman við fjarlægu hljóðin [ɛ] og [œ]. Þá renna saman í framburði orð eins og *skyr* og *sker* annars vegar og hins vegar *flugur* og *flögur*.

Ef nemendur telja að flámælið hafi verið óæskileg málbreyting má til dæmis rökstyðja það með því að flámælið hafi valdið ruglingi þar sem framburður orða rann saman á ofangreindan hátt. Menn þurftu þá að átta sig á merkingu orðanna út frá samhenginu í setningunni, sbr. *Mér finnst skyr gott*. Flámælið olli líka vandkvæðum í tengslum við stafsetningu því að framburðurinn vísaði þá ekki veginn. Því má líkja við stafsetningu á orðum með *i* og *y* þar sem fólk þarf að styðjast við sjónminnið og reglur til að stafsetja rétt, sbr. *list* og *lyst*, því að framburðurinn á bókstöfunum *i* og *y* er sá sami. Sumum fannst flámælið hreinlega ljótt og mörgum þótti það ekki nógu fínt mál.

## Verkefni með kafla 9.7

1. Skoðið hugmyndir Björns Guðfinnssonar um að samræma íslenskan framburð og þær hugmyndir sem uppi voru innan heimspekideildar Háskóla Íslands í lok árs 1954. Hvaða áhrif hefði það haft á íslenskar framburðarmállýskur, annars vegar þær sem Björn og heimspekideildin mæltu með og hins vegar aðrar, ef hugmyndir þessara aðila hefðu gengið eftir?

**Svar:** Björn vildi færa stafsetninguna nær framburðinum en taldi að fyrst þyrfti að samræma framburð. Honum fannst til að mynda harðmælið og raddaði framburðurinn mun fegurri en linmælið og óraddaði framburðurinn. Einnig sagði hann hv-framburðinn fagran og eins rn- og rl-framburðinn. Hann vildi að hv-framburður og harðmæli yrðu kennd þar sem það endurspeglaði stafsetninguna.

Nefndin innan heimspekideildar vildi að stuðlað yrði að vönduðum framburði og að vinna skyldi móti flámælinu. Nefndin var á sama máli og Björn að því leyti að æskilegra væri að nota harðmæli og hv-framburð en linmæli og kv-framburð. Nefndin taldi einnig að vernda ætti gömul framburðareinkenni.

Bæði Björn og nefndin gerðu sumum minnihlutamállýskum hátt undir höfði og ef tillögur þeirra hefðu náð fram að ganga væru sennilega t.a.m. hv-framburður og harðmæli algengara og almennara og jafnvel lögð áhersla á þessa framburði í skóla.

2. Hvaða áherslur hafa verið við lýði varðandi framburð og framburðarmállýskur í námskrám síðasta áratuginn?

**Svar:** Nemendur eiga að geta gert grein fyrir helstu framburðarmállýskum og auk þess er mikið lagt upp úr góðri framsögn og skýrum framburði.

3. Efnið til kappræðna um það hvort ólíkar framburðarmállýskur ali á einelti í skólum.

**Svar:**

**Dæmi um það að ólíkar framburðarmállýskur ali á einelti í skólum:**

Það getur verið erfitt að skera sig úr með því að hafa annan framburð en aðrir. Sumar framburðarmállýskur (sbr. flámæli) eru stundum tengdar lágstétt og gætu því nemendur legið enn frekar við höggi.

**Dæmi um það að ólíkar framburðarmállýskur ali ekki á einelti í skólum:**

Ekki er gott að steypa alla í sama mót. Nemendur eru upplýstir og ættu framburðareinkenni ekki að vera undirrot eineltis. Það er skemmtilegt að landshlutar hafi mismunandi einkenni þegar kemur að framburði.

4. Hér má sjá nokkur dæmi um óskýrmæli.

Jatlafara = Ég ætla að fara.

Hablaha = Það er nefnilega það.

Gjasu = Vertu ekki að þessu.

a. Reynið að finna fleiri sambærileg dæmi um óskýrmæli.

**Svar:**

Dæmi: Deld = Áttu eld?; Gidigji = Ég get þetta ekki; Mádigi = Ég má þetta ekki;

Gurudasu = Af hverju ertu að þessu?

**Ábending:** Hér getur verið skemmtilegt að láta nemendur setja dæmi upp á töflu og láta samnemendur þeirra giska á um hvaða orð eða setningar er að ræða.

b. Við hvaða aðstæður er „í lagi“ að vera óskýrmæltur? Við hvaða aðstæður væri það algerlega óviðeigandi?

**Svar:** Það er í lagi að vera óskýrmæltur í óformlegum samtölum svo lengi sem maður gerir sig skiljanlegan. Vanda þarf framburð þegar fólk kemur fram og stundum í formlegum samtölum.

5. Skriðið hugleiðingu um það hvernig framburður verður á Íslandi eftir 100 ár.

**Svar:** Vangaveltur:

Hér mætti tína ýmislegt til, t.d. eftirfarandi: Verðum við óskýrmæltari? Kannski verða til færri framburðarmállýskur. Hugsanlega munum við nota einhver málhljóð sem ekki eru til í málinu í dag en koma inn í málið með erlendum áhrifum.